

113. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn föstudaginn 6. nóvember 2020

Fundargerð

Fundurinn fór fram á Teams og hófst hann kl.13:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Þráinn Lárusson. Pálína Margeirsdóttir boðaði forföll og mætti Jón B. Hákonarson varamaður í hennar stað. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótisdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Staðfesting á stjórn Austurbrúar í framhaldi af haustþingi SSA

Stjórn staðfestir nýja stjórn Austurbrúar en stjórnin tekur breytingum í samræmi við nýjar samþykktir og stjórnarkjör á Haustþingi SSA sem fram fór 9. október sl og í takt við afgreiðslu á ársfundi Austurbrúar 2020. Í stjórn Austurbrúar sitja:

Aðalmenn

- Einar Már Sigurðarson, formaður*
- Gauti Jóhannesson, varaformaður*
- Hildur Þórisdóttir*
- Pálína Margeirsdóttir*
- Sigríður Bragadóttir*
- Jóhann Þórhallsson - áheyrnarfulltrúi*
- Sæunn Stefánsdóttir*
- Þráinn Lárusson*

Varamenn

- Eydís Ásbjörnsdóttir*
- Jón Björn Hákonarson*
- Berglind Harpa Svavarsdóttir*
- Stefán Bogi Sveinsson*
- Íris Grímsdóttir*
- Lárus Hreiðarsson – áheyrnarfulltrúi*
- Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir*

2. Fundargerð 112. fundar stjórnar

Fundargerðin var lögð fram til kynningar og verður undirrituð rafrænt.

3. Þróun atvinnuleysis, greining október

Framkvæmdastjóri fór yfir tölur frá Vinnumálastofnun um atvinnuleysi í fjórðungnum. Atvinnuleysi er að aukast en þó hlutfallslega minna á Austurlandi en á landsvísu. Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir tölum um skiptingu niður á póstnúmer og senda gögnin áfram á sveitarfélögin.

4. Ferðabjónustan, samantekt á nýtingu úrræða.

Þráinn Lárusson kynnti niðurstöður úr könnun á nýtingu á úrræðum ríkisstjórnarinnar hjá ferðabjónustuaðilum á Austurlandi. Umræður um næstu skref og áherslur.

5. Skíðasvæðin – greining

Framkvæmdastjóri fór yfir greiningu Oriol Serra Ribas á skíðasvæðunum í Oddskarði og Stafdal. Búið er að mynda samstarfsvettvang fyrir skíðasvæðin með það markmiði að markaðssetja þau saman og auka sýnileika þeirra. Stefnt er að því að kynna vinnuna m.a. í nefndum þeirra sveitarfélaga sem eiga í hlut.

6. Staða ýmissa mála

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Verið er að vinna drög að samningum næsta árs ásamt fjárhagsáætlun sem verður til umfjöllunar á fundi í byrjun desember.

Framkvæmdastjóri sagði að komið væri að því að yfirfara starfsreglur stjórnar. Framkvæmdastjóra er falið að vinna grunn að breytingum með formanni starfsháttarnefndar. Framkvæmdastjóri óskaði eftir ábendingum frá stjórn um áherslur í nýrri stefnumótun Austurbrúar. Stjórn sammála um að stefnumótun Austurbrúar skyldi taka mið af sóknaráætlun. Lagt til að málin yrðu tekin aftur upp á sameiginlegum fundi með fagráði í desember.

7. Önnur mál

-Breyttur fundartími. Stjórnarfundir færst yfir á föstudaga.

-Gunnarsstofnun. Formaður kynnti erindi frá stjórn Gunnarsstofnunar um skipan í stjórn. Lagði hann til að Sigríður Sigmundsdóttir sæti áfram í stjórn og Gauti Jóhannesson yrði varamaður. Var það samþykkt af stjórn.

Ekki fleiri mál á dagskrá. Fundi slitið kl 14:30. Næsti fundur stjórnar Austurbrúar verður 4.desember.

Einar Már Sigurðarson

Sigríður Bragadóttir

Gauti Jóhannesson

Sæunn Stefánsdóttir

Jón Björn Hákonarson

Práinn Lárusson

Hildur Þórisdóttir